



Alþingi
Nefndasvið Alþingis, b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Akranesi, 11. febrúar 2014

1401224 RÁ/sa

Efni: *Frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnýslu í héraði, þingskjal 458 – 250 mál*

Á fundi í Borgarnesi 6. febrúar sl. fengu fulltrúar Akraneskaupstaðar kynningu innanríkisráðherra á fyrirhugaðum breytingum á framkvæmdavaldi og stjórnýslu í héraði. Fundurinn var mjög gagnlegur og mikilvægt að geta rætt beint við ráðherra um svo mikilvægt mál.

Frumvarpið var lagt fram á 140. og 141. löggjafarþingi og er nú lagt fram að nýju í svipaðri mynd.

Akraneskaupstaður tekur undir að óhjákvæmilegt er að saman fari endurskipulagning á skipan sýslumannsembætta í landinu samhliða breytingum á skipan lögreglumála sbr. þingskjal 459 – 251. mál. Gert er ráð fyrir mjög umfangsmikilli skipulagsbreytingu með fækkun embætta úr 24 í 9 og mjög mikilvægt að náð samstarf verði haft við sveitarfélögin um málið.


Akraneskaupstaður gerir ekki athugasemdir við að umdæmamörk sýslumannsembætta skulu ákveðin í reglugerð sem ráðherra setur með hliðsjón af skipulagi annarrar opinberrar þjónustu í umdæminu en þar er gert ráð fyrir að samráð verði haft við Samband íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi sýslumenn.

Varðandi staðsetningu aðalskrifstofa sýslumanna og annarra sýsluskrifstofa og hvaða þjónustu veita skuli þar er ekki sérstaklega minnst á samráð við sveitarfélög og telur Akraneskaupstaður bæði nauðsynlegt og eðlilegt að samráð verði einnig haft við sveitarfélög um þennan þátt enda lykilatriði við slíkar skipulagsbreytingar að þjónusta við íbúana skerðist ekki. Akraneskaupstaður leggur því til orðalagsbreytingu í 3. mgr. 2. gr. til samræmis við þetta. Ef ekki verður fallist á að hafa skýrt orðalag hvað þetta varðar í lagatextanum er mikilvægt að sveitarfélög eigi kost á umsögn um reglugerðardrögin þegar þau liggja fyrir.

Akraneskaupstaður fagnar því sem fram kom á fundinum með innanríkisráðherra að til standi að flytja verkefni út á sýsluskrifstofur samhliða þessum breytingum.

Sem dæmi um verkefni sem flytja mætti til sýsluskrifstofa má nefna réttindaveitingar ýmis konar svo sem til kennara, löggiltra endurskoðenda, lögmanna o.fl., umsjón ýmissa skráa og vinna við úrskurði.

Virðingarfyllst,



Regína Ásvaldsdóttir,
bæjarstjóri